

LÖG

um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og landsstjórna Færeyja og Grænlands sem undirritaður var á Höfn í Hornafirði hinn 19. ágúst 1986.

2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri, gjaldeyrisviðskipti eða heimildir til lántöku erlendis, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvela starfsemi sjóðsins eða efnidir skuldbindinga hans.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekju- og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldtil hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um stofnun Þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd).

Gjört í Reykjavík, 19. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.